

Funafréttir



Haldór Pétursson

3. TÖLUBLAÐ.
3. ÁRGANGUR.
DESEMBER 1998.

Frá stjórn Funa.

Árið 1998 hefur verið annasamt og viðburðaríkt fyrir okkur eyfirska hestamenn. Stærsti viðburðurinn var Landsmótið sem haldið var með glæsibrag á Melgerðismelum. Þar rættist langþráður draumur þeirra manna sem lengi höfðu barist fyrir því að fá þessa miklu hátíð í Eyjafjörðinn. Fjölmargir lögðu hönd á plóginn við undirbúning mótsins og unnu margar vinnustundirnar meðan á mótinu stóð. Viljum við nota tækifærið og þakka þeim kærlega fyrir vel unnin störf.

Ekki lögðust menn í aðgerðarleysi að móti loknu, heldur héldu ótrauðir áfram og á haustdögum var reist vegleg stóðrétt við hesthúsið á Melgerðismelum. Hún var síðan vígð með viðhöfn 26. september sl. að viðstöddu fjölmenni. Ekki er nokkur vafi á því að þetta glæsilega mótssvæði og sú aðstaða sem þar er fyrir hendi á eftir að nýtast okkur hestamönnum vel í framtíðinni.

En allir hlutir kosta peninga og því viljum við enn eina ferðina minna á árgjöldin. Að gefnu tilefni viljum við minna þá félagsmenn, sem enn eiga eftir að greiða árgjöldin sín, á að séu þeir ekki skuldlausir við félagið um áramót þá strikast þeir út af félagaskrá. (Sjá lög félagsins sem birt voru í 2. tölublaði Funafréttu í júní sl.) Þegar þetta er skrifað eru félagsmenn 149 talsins og það væri synd ef þeim fækkaði af þessum sökum.

Allar starfandi nefndir félagsins hafa staðið sig með sóma á árinu og þökkum við nefndarmönnum fyrir störf þeirra. Rétt er að minna á að starfsskýrslur nefnda þurfa að hafa borist formanni fyrir janúarlök 1999.

Eins og áður hefur komið fram var ákveðið að skipta um félagsjakka hjá Funa. Fyrir Landsmótið voru saumaðir 27 jakkar og er ekki annað vitað en að eigendur þeirra séu ánægðir með þá. Hinsvegar eiga 3 aðilar enn eftir að sækja sína jakka til saumakonunnar og eru það vinsamleg tilmæli til þeirra að gera það við fyrsta tækifæri. Þeir sem hafa áhuga á að eignast jakka er bent á að hafa samband við Jónínu saumakonu í síma 461-1017.

Að lokum óskum við lesendum Funafréttu gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Stjórn Funa.

Bæjakeppni Funa 1998.

Bæjakeppni félagsins var haldin á Melgerðismelum laugardaginn 22. ágúst í góðu veðri. Alls tóku 77 aðilar þátt í keppninni og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Þessir aðilar eru:

Eyrarland-Einar	Þórustaðir 5	Svertingsstaðir 3
Svertingsstaðir 2	Syðri-Hóll 1	Hjarðarhagi
Háhóll	Skálpagerði	Ytri-Hóll 1
Ytri-Hóll 2	Meðalheimur	Syðri-Hóll 2
Brekka	Króksstaðir	Garðsá
Punktur	Eyjafjarðarsveit	Brúnalaug-Anna Péturs
Uppsaliir-Ingólfur	Klauf	Álfabrekka-Birna Björns.
Rifkelsstaðir-Bjarni	Bringa-Reynir-Freyja	Munkaþverá
Sigtún-Sigurgeir	Uppsaliir-Jóhann	Öngulstaðir 2-Birgir
Tamningastöðin Hóli 2	Björk-Rögnvaldur	Öngulstaðir 1-Baldur
Öngulstaðir 3-Sigurgir	Höskuldsstaðir	Akur-Hlynur
Brúnir-Unnur	Kvistás	Akur-Þór
Litli-Hamar	Stóri-Hamar	Reykhus-Páll
Hrafnagil	Merkigil	Teigur-Stefán-Þorgerður
Grund 1	Grund 2-Gunnar	Grund 2-Þorsteinn
Teigur-Birgir-Herdís	Möðrufell	Finnastaðir-Ketill
Dvergsstaðir	Víðigerði-Hjörtur	Víðigerði-Haraldur
Gilsbakki	Árbakki	Leyningur
Eyvindarstaðir	Arnarstaðir	Halldórsstaðir
Hrisar	Kálfagerði 1-Rósant	Hólakot
Æsustaðir-Bragi	Jórunnarstaðir	Hríshóll-Sigurgeir-Bylgja
Hríshóll-Hreinn-Erna	Stekkjjarflatir	Kálfagerði 2-Stefán
Villingadalur	Fellshlíð	Möðruvellir 1
Hvassafell	Árgerði	Ysta-Gerði
Mikligarður	Stóri-Dalur	Vellir
Ytra-Dalsgerði	Litli-Garður	

Keppt var í fimm flokkum og var þátttakan góð. Til gamans má nefna að í barnaflokki voru 21 keppandi. Það má að hluta til rekja til þess að nýlokið var reiðnámskeiði fyrir börn og unglunga á vegum félagsins. Allir keppendur í barna og unglungaflokki fengu viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Úrslit keppinnar voru eftirfarandi:

Barnaflokkur:

1. Þorgils Magnússon á Sóma - keppti fyrir Miklagarð.
2. Hafþór Magni Sólmundsson á Toppu - keppti fyrir Gilsbakka.
3. Anna Sonja Ágústsdóttir á Pontu - keppti fyrir Eyrarland-Einar.

Unglingaflokkur:

1. Erna Sigurgeirsdóttir á Sleggju - keppti fyrir Einar Meðalheimi.
2. Silja Valdemarsdóttir á Skugga - keppti fyrir Finnastaði.
3. María Sveinsdóttir á Ljúfu - keppti fyrir Tamningastöðina Hóli 2.

Kvennaflokkur:

1. Hærdís Ármannsdóttir á Elvu - keppti fyrir Kálfagerði 1.
2. Auður Hallsdóttir á Þór - keppti fyrir Klauf.
3. Hulda Sigurðardóttir á Blökk - keppti fyrir Hrísar.


Karlaflokkur:

1. Stefán Agnarsson á Fjalari - keppti fyrir Hríshól-IÍreinn og Erna.
2. Magni Kjartansson á Létti - keppti fyrir Uppsaliir-Jóhann.
3. Sigurður Ólafsson á Grana - keppti fyrir Dvergsstaði.

Opinn flokkur:

1. Matthías Eiðsson á Hrefnu - keppti fyrir Árbakka.
2. Tóbías Sigurðsson á Mekki - keppti fyrir Reykhús-Páll.
3. Erlendur Ari Óskarsson á Eydal - keppti fyrir Þórustaði 5.

Mikligarður, Meðalheimur, Kálfagerði 1, Hríshóll og Árbakki fengu lítinn verðlaunagrip til eignar en dregið var um farandbikarinn. Þorgils Magnússon, sem keppti í barnaflokki, hafði vinninginn í þeim drætti og farandbikarinn verður því í Miklagarði fram að næstu bæjakeppni.



Auglýsing - Gangið í skotfélagið og hittið góða vini.

Hafnfirðingurinn keypti sér tvo hesta.

Til að þekkja þá nú örugglega í sundur, klippti hann taglið af öðrum þeirra.

En daginn eftir tók hann eftir því að sá svartu var minni en sá hvíti.

Karlflugur og kvenflugur!

Jói sagði, "veistu hvað Kalli? Ég drap 5 flugur í gær, 3 karlflugur og 2 kvenflugur."

"ÍIvernig gast þú þekkt þær í sundur?" spurði Kalli.

Jói svaraði: "það var auðvelt. Karlflugurnar þrjár sátu ofan á kassa af bjór og kvenflugurnar tvær voru á símanum."

Gæðingamót Funa 1998.

Gæðingamót Funa var haldið á Melgerðismelum laugardaginn 20. júní sl. og var það jafnframt úrtaka fyrir landsmót. Funi mátti senda tvo keppendur úr hverjum flokki á landsmótið og réði þar einkunn úr forkeppni. Úrslit urðu annars þessi:

Barnaflokkur:

1. Anna Sonja Ágústsdóttir á Pontu frá Vatnsleysu. Einkunn 8,27.
2. Hlaðpór Magni Sólmundsson á Mollý frá Árgerði. Einkunn 7,97.
3. Þorgils Magnússon á Sóma frá Hofstöðum. Einkunn 7,93.

Unglingaflokkur:

1. Ásdís Sigursteinsdóttir á Fleyg frá Teigi. Einkunn 8,47.
2. Stefán Ragnar Garðarsson á Blökk frá Köldukinn. Einkunn 8,20.
3. Sindri Páll Bjarnason á Hrafninnu frá Húsey. Einkunn 8,13.
4. Silja Valdemarsdóttir á Gunnu frá Litla-Garði. Einkunn 8,07.
5. Erna Sigurgeirsdóttir á Sleggju frá Hríshóli. Einkunn 7,73.

Ungmennaflokkur:

1. Ásmundur Rúnar Gylfason á Hauk frá Akurgerði. Einkunn 8,40.
2. Þórhallur Þorvaldsson á Indjána frá Ysta-Gerði. Einkunn 8,07.
3. Hákon Harðarson á Örvari frá Svertingsstöðum. Einkunn 7,90.

A-flokkur gæðinga:

1. Seifur frá Skriðu. Eig: Mínerva Sverrisdóttir. Kn: Þór Jónsteinsson. Einkunn 8,37.
2. Árvakur frá Árgerði. Eig: Magni Kjartansson. Kn: Birgir Stefánsson. Einkunn 8,17.
3. Gæi frá Litla-Garði. Eigandi og knapi: Stefán Agnarsson. Einkunn 8,03.
4. Arður frá Brún. Eigandi og knapi: Matthías Eiðsson. Einkunn 8,13.
5. Yrpa frá Garðsá. Eig: Óttar Björnsson. Kn: Birgir Árnason. Einkunn 8,03.
6. Orka frá Svertingsstöðum 2. Eig: Hákon Harðarson. Kn: Björn Þorsteinsson. Einkunn 8,03.

300 m. stökk:

1. Kólfur frá Axlarhaga. Eig: Ágúst Ásgrímsson. Kn: Sindri P. Bjarnason. Tímar 23,84/23,39.
2. Funi. Eig: Matthías Eiðsson. Kn: Þorbjörn Matthíasson. Tímar 23,67/23,47.
3. Stormur frá Grund 2. Eigandi og knapi: Anna Rappich. Tímar 23,84/24,30.

B-flokkur gæðinga:

1. Gullinstjarna frá Syðra-Hóli. Eig: Anna Aðalsteinsdóttir og Þór Jónsteinsson.
Kn: Þór Jónsteinsson. Einkunn 8,30.
2. Dósent frá Brún. Eigandi og knapi: Matthías Eiðsson.
Einkunn 8,20.
3. Hjörvar frá Árgerði. Eig: Magni Kjartansson og Birgir Stefánsson.
Kn: Birgir Stefánsson. Einkunn 8,27.
4. Skagfirðingur frá Höskuldsstöðum Skagaf. Eigandi og knapi: Stefán Agnarsson.
Einkunn 8,20.
5. Sörli frá Gilsbakka. Eig: Þröstur Jóhannesson. Kn: Höskuldur Jónsson.
Einkunn 8,16.


150 m. skeið:

1. Ösp frá Syðra-Brennihóli. Eig: Erling Ingvason. Kn: Baldvin Ari Guðlaugsson.
Tímar 16,31/15,69.
2. Orka frá Árgerði. Eig: Magni Kjartansson. Kn: Birgir Stefánsson.
Tímar 16,90/15,95.
3. Gæi frá Litla-Garði. Eigandi og knapi: Stefán Agnarsson.
Tímar 16,60/17,20.



BÚJÖRÐ ÓSKAST !

Óska eftir að kaupa bújörð í Eyjafjarðarsveit.
Áhugasamir vinsamlegast hringi í Bjarna Guðmundsson.
Heimasími: 462-5010.
Vinnusími: 462-6368.



HUGLEIÐING eftir Birgir Hartmannsson.

Eftirfarandi hugleiðingu flutti ég fyrst á árshátíð Sleipnis. Var mér þar skammtaður tími eins og fram kemur hér að neðan.

Mig langar að taka aðeins til umfjöllunar einn þátt í tengslum við hestamennskuna, er lítill sem enginn gaumur hefur verið gefinn til þessa. Ég hef um nokkurt skeið rannsakað þetta mál og komist að all athyglisverðri niðurstöðu. Ég vinn að þessum athugunum á hávísindalegan hátt. Ég set fram ákveðna kenningu, sem ég reyni síðan að sanna með öllum tiltækum ráðum. Kenningu þessa nefni ég: Atferlishliðstæður í samskiptum reiðmanna við hesta og konur. Ég leitast við að sanna að knapar beiti jafnan sömu aðferðum í umgengni við hross og kvenfólk. Og kenningin byggist á að kvenfólk bregðist á líkan hátt og hestar við atferli mannsins. Vegna hins nauma tíma sem mér er ætlaður verð ég að stikla á stóru og get ekki farið út í samanburð eða útskýringar á þeim dæmum sem ég tek hér, en bið ykkur hvert og eitt að bera kenningar mínar saman við eigin reynslu og annara sem þið þekkið til.

Fyrst hugsum við okkur þrjá menn sem reyna að ná hrossi úr stóði. Sá fyrsti sér stóðið, hugsar með sér að gaman væri nú að ná einhverju hrossinu. Hann á erfitt með að ákveða við hvaða hross hann ætlar að reyna, er hikandi. Hann veit ekki almennilega hvernig á að bera sig til við þetta og nær að lokum engu hrossi. Sá næsti kemur. Ákveður strax hvaða hross hann skuli taka, en fer sér að engu óðslega. Skiptir sér í fyrstu ekkert af því hrossinu sem hann ætlar að ná. Talar við hin og gefur þeim jafnvel brauð. Kjassar þau og strýkur þeim spökustu um lendarnar. Þegar hann svo leggur til atlögu við hið útvalda, nær hann því yfirleitt fyrirstöðulítið. Nú birtist sá þriðji. Hann ákveður að taka fallegasta hrossið. Tekur tilhlaup og stekkur, en hrossið sér hvað verða vildi og tekst að forða sér. Síðan reynir maðurinn við hvert hrossið af öðru, en allt fer á sömu leið því hann kann enga aðra aðferð. En þar sem áhuginn fer síður en svo dvínandi nær hann að lokum einhverri spakri, útjaskaðri bykkju og finnst það þó betra en ekkert.

Næst tek ég dæmi um þrjá menn sem reyna að komast á bak ótemju í fyrsta skipti. Sá fyrsti er ragur og hikandi. Hrekkur frá í hvert skipti sem ótemjan hreyfir sig. Hún verður nervös og ókyrr og maðurinn gefst upp án þess að hafa komist á bak. Næsti er fumlau og öruggur í framgöngu og verður ekkert uppnæmur þó ótemjan sýni smá mótþróa og kippi, en heldur áfram að reyna uns hann kemur sínu fram. Sá þriðji ætlar að drifa sig á bak í hvelli, hendir upp taumnum og treðst í ístaðið. Þá verður ótemjan vitlaus og slítur sig lausa, en maðurinn fer bara og nær sér í tamið hross.

Næst kem ég að atriði sem konur þær sem eftir eiga að velja sér lífsförunaut ættu að gefa gaum og hagnýta sér þær ábendingar sem felast í kenningu minni. Um er að ræða ásetu og taumhald. Sá reiðmaður sem heldur mjúkt en ákveðið í tauminn, situr beinn í hnakknum og gefur vel eftir í mjöðmunum til að fylgja hreyfingum hestsins og forðast óþarfa hnykki og hnjask í reið er, óumdeilanlega eftirsóknarverðara eiginmannsefni en sá sem ríður sperrtur og stífur, spyrnir fótunum fram, rígheldur í tauminn, rykkist og hrossast, skellur óþyrmilega óni hnakkinn annað veifið og dettur jafnvel af baki. Þriðja tilbrigðið er sá sem húkir slyttislega í einum keng. Heldur sér jafnvel í hnakknefið með annari hendi, hefur hina að vísu á taumunum, en lætur allt dingla slakt.

Menn hirða hesta sína misjafnlega. Sumir leggja allt kapp á að hafa þá kembda og gljáandi, feita og sællega í þokkalegu umhverfi. Aðrir rétt henda í þá föðri, moka ekki

undan fyrr en allt er að fara á kaf í skít og láta sig holdafarið litlu skipta. Telja jafnvel holdgrönn hross betri til reiðar.

Næst drep ég lítillga á útreiðarsiði. Sumir vilja helst byrja að lónsera eða teyma af stað og stiga ekki á bak fyrr en færleikurinn er farinn að mýkjast og svitna. Þessi tegund manna fer gjarnan í langa og rólega reiðtúra, sem veita hesti og knapa gleði og fullnægju. Andstæðan er sá sem gefur sér varla tíma til að leggja almennilega á, en dembir sér á bak og þeysir af stað í spretti. Útreiðartúrinn verður stuttur og snarpur en endaslepptur. Lýkur jafn skyndilega og hann byrjaði, rétt þegar reiðskjótinn var að komast í gang. Til eru knapar sem halda hestum sínum lítt fram, en láta sér nægja að vita um og njóta kosta þeirra út af fyrir sig. Aðrir þjálfa hesta sína helst til sýninga, miklast mjög af kostum þeirra og eru óþreytandi að útmála ágæti þeirra og lofa gjarnan hverjum sem er að fara á bak og prófa.

Tímans vegna verð ég að láta hér staðar numið. Þó er varla hægt að skiljast svo við þetta efni, að ekki sé minnst á eina tegund reiðmanna. Það eru þeir sem engan hestinn eiga, en setja sig aldrei úr færi með að komast á bak hjá náunganum.

Tekið úr bókinni Gatan syngur gleðilag eftir Birgir Hartmannsson.



Athyglisverðar auglýsingar:

Hér eru nokkrar dæmi úr íslenskum auglýsingum þar sem menn hafa ekki vandað sig.

Til sölu: Antik skrifborð hentar vel dömum með þykka fætur og stórar skúffur.

Sérstakur hádegisverðarmatseðill: Kjúklingur eða buff kr: 600. Kalkúnn kr: 550, börn kr: 300.

Nú hefur þú tækifæri til að láta gata á þér eyrun og fá extra þar með þér heim.

Við eyðileggjum ekki fötin þín með óvönduðum vélum, við gerum það varlega í höndunum.

Til sölu nokkrir gamlir kjólar af ömmu í góðu ástandi.

Þetta hótél býður upp á keilusalí, tennisvelli, þægileg rúm og aðra íþróttaaðstöðu.

Brauðrist: Gjöfin sem allir fjölskyldumeðlimir elska. Brennir brauðið sjálfvirkt.

Ísafjarðarkaupstaður: Starfsmann vantar, kvenmann til starfa.

Við byggjum upp líkama sem endist ævilangt!

Vantar mann til að vinna í dínamítverksmiðju. Þarf að vera tilbúinn til að ferðast.

Notaðir bílar. Því að fara annað og láta svíkja sig. Komdu til okkar!

Vinna í boði fyrir mann til að hugsa um kú sem hvorki reykir né drekkur.

Ólæs? Skrifaðu okkur strax í dag og við munum veita þér ókeypis aðstoð.